

**Nd.**

## **540. Frumvarp til laga**

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir eina umr. í Ed.).

### **1. gr.**

Frá 1. jan. 1940 skal greiða verðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana eins og segir í lögum þessum.

### **2. gr.**

Við ákvörðun þessarar verðlagsuppbótar skal fylgja þeim reglum, sem settar eru í 2. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940, þannig að til 1. flokks skulu teljast laun 300 kr. eða minna á mánuði, til 2. flokks laun frá 300—400 kr. á mánuði og til 3. flokks laun yfir 400 kr. á mánuði, þó þannig, að af hærri mánaðarlaunum en 650 kr. greiðist einungis verðlagsuppbót af 650 kr., en ekki af því, sem þar er fram yfir. Þó má lágmark launa og uppbótar samanlagt í hærri launaflokki ekki vera lægra en hámark launa og uppbótar í næsta flokki fyrir neðan.

### **3. gr.**

Nú tekur sami maður laun eða þóknun úr rikissjóði fyrir fleira en eitt starf, og skal þá reikna verðlagsuppbótina af laununum samanlagt.

### **4. gr.**

Verðlagsuppbót greiðist einnig á eftirlaun og styrktarfé samkv. 18. gr. fjárlaga. Hafi maður, sem nýtur eftirlauna eða styrktarfjár, einnig launað starf úr rikissjóði, greiðist verðlagsuppbótin af fjárhæðunum samanlagt.

### **5. gr.**

Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, fritt ljós og hiti o. s. frv., og greiðist ekki verðlagsuppbót á slík hlunnindi. Á húsaleigustyrk greiðist ekki heldur verðlagsuppbót.

### **6. gr.**

Embættismönnum, sem fá greitt skrifstofufé úr rikissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, sem að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr rikissjóði, eftir reikningi, er fjármálaráðherra úrskurðar.

### **7. gr.**

Verðlagsuppbótin greiðist á laun embættismanna að viðbætti þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum.

### **8. gr.**

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á, mánaðarlega í senn, og miðast við vísitölu þá, sem ákveðin er í byrjun ársfjórðungsins.

### **9. gr.**

Rísi ágreiningur út af flokkun launa eða ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr, en heimilt er að leggja ágreininginn undir úrskurð dómstólanna.

### **10. gr.**

Ákvæði 5. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940 falla úr gildi með gildistöku þessara laga.

### **11. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.